


BRYNID



2. árg. 2. tbl. Fréttablað félags áhugamanna um trúskurð Maí 1997

Afslættir

Húsasmiðjan 10%

Skútuvogi

Efnagerð Laugarnes 15%

Smiðjuvegi 28C græn gata
Sími: 567-0150

Efnasalan 10%

Smiðjuvegi 9 gul gata
Sími: 554-5400

Ásborg 10%

Smiðjuvegi 11 gul gata
Sími 564-1212

Ingþór Haraldsson h.f. 10%

Hamraborg 7 að norðan
Sími: 554-4844

Sögin h.f. 10%

Höfðatúni 2
Sími: 552-1884

Smíðabær 10%

Skæringur M. Baldursson
Sími: 567-6588

Verslunin Brynja 10%

Laugavegi 28
Sími: 552-4320

Hurðaiðjan 5%

Kársnesbraut 98

BYKO 12%

Hjá BYKO er félagið skráð sem viðskiptaaðili og þarf að gefa upp kennitölu þess áður en reikningurinn er gerður til að fá þennan afslátt.

Vorsýning

Vorsýning félagsins verður haldin í Viðarmiðlunni húsnaði Skógræktar ríkisins í Þórhilfíðum 38 Reykjavík.

Sýningin hefst föstudaginn 30. maí og lýkur sunnudaginn 1. júní. Sýningin verður opin frá 13:00-18:00 föstudag og laugardag en frá 14:00-18:00 sunnudaginn 1. júní.

Viljum við hvetja sem flesta til að vera með. Æskilegt er að tilkynna þátttöku til einhvers eftirtalinna:

Jón Adólf sími 896-6234

Örn sími 551-2517

Bjarni Þór sími 568-4654

Halldór sími 565-6122

Sýningargripir verða síðan sóttir við lok sýningarinnar, sunnudaginn 1. júní kl. 18:00.

Ian Norbury

Við viljum minna á að enn er pláss fyrir nokkra í viðbót á námskeiðið sem englendingurinn Ian Norbury mun væntanlega halda á Íslandi í september. Þetta verða þriggja daga námskeið frá kl. 9-17 og mun það kosta þrjátíu þúsund krónur á manninn.

Hámarks fjöldi á hverju námskeiði eru sex manns. Við viljum minna á að Norbury er heimsþekktur og það er ekki á hverjum degi sem hans líkar koma hingað til að kenna og er þetta einstakt tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn.

Upplýsingar í síma 896-6234 eða 554-0178

Jón Adolf Steinólfsson

Víkingurinn

Sú hugmynd hefur komið fram að fara austur á Skeiðarársand, velja þar 7-8 metra ísdrang og skera hann í víking með sverð og skjöld. Þessi hugmynd hefði betur kvíknað í janúar og ferðin farin í febrúar. Þá voru fleiri drangar og hreinni til að velja úr, en nú. Í verkefni sem þetta þarf að mörgu að hyggja. Það þarf leyfi yfirvalda, gera vinnuteikningu, verkpalla, verkfæri, svo sem rafmót, sagir, vélsgir, ísskurðarjárn og margt annað. Þessi hugmynd er í vinnslu eins og sagt er og hafa nokkur fyrirtæki lofað að loð ef af

verður. Ekki er hægt að fresta útgáfu Brýnisins þangað til fullnaðar-ákvörðun liggur fyrir. Fyrirhugað er að allt sem til þarf verði flutt á staðinn í gámi sem Samskip flytur fyrir okkur og hann getum við notað um helgina til að setjast niður og fá okkur kaffi og leita skjóls ef veður verður slæmt.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í þessu verkefni, geta haft samband við undirritaðan í síma 567-0150 eða Jón Adolf í síma 896-6234 eða 554-0178

Evert Kr. Evertsson

Góður skurður gulli betri

Frá ferðanefnd

Við viljum ennþá minna á göngu og kynnisferð um miðbæ Reykjavíkur sem verður laugardaginn 24. maí kl. 13:00.

Ætlunin er að hittast við útskorna hurð Fjármálaráðuneytisins á horni Lindargötu og Ingólfsstrætis. Ætlunin er að skoða útskurð í miðbænum, og setjast síðan á kaffihús og spjalla saman. Ekki þarf að spryrja um umræðuefnið. Hittumst öll hress.

Ferðanefndin

Kæru félagar

Enn eru of margir sem hafa gleymt að fara með gíróseðilinn í banka og greiða árgjaldið.

Þeim er hér með send áskorun um að láta nú verða af því að gera skil.

Evert Kr. Evertsson

Ný ritstjórn

Ný ritstjórn er nú tekin við og hafa skipa eftirtaldir:

Stefán Haukur Erlingsson

Jón Adolf Steinólfsson

Friðgeir Guðmundsson

Litlar breytingar verða gerðar á fréttabréfinu til að byrja með og

verður bréfið með svipuðu sniði í byrjun og vill nýja ritnefndin hvetja félagsmenn til að senda inn klausur, sögur, kynningar og annað sem menn vilja koma á framfæri. Þeir sem vilja senda inn eitthvað geta litið á heimilisfangið hér fyrir neðan.

Ritstjórnin

BRÝNIÐ

Brýnið fréttablað áhugamanna um Tréskurð

Pósthólf 409

202 Kópavogur

Ábyrgðamaður

Ritstjórn:

Evert Evertsson

Stefán Haukur Erlingsson

Jón Adólf Steinólfsson

Friðgeir Guðmundsson



Innritað til
póstflutnings

Sigurjón Gunnarsson
Asparfell 12,

111 REYKJAVÍK-11

603

2. árg. 2. tbl.

Brýnið

Fréttablað félags áhugamanna

um Tréskurð

Pósthólf 409

202 Kópavogur